

Skýrsla stjórnar

nóvember 2003 - nóvember 2005



SÍÐASTA KJÖRTÍMABIL HEFUR STJÓRN LÍV VERIÐ SKIPUÐ SEM HÉR SEGIR

Formaður: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir

Aðalmenn í stjórn

Gunnar Páll Pálsson
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
Benedikt Vilhjálmsson
Kristín M. Björnsdóttir
Sólveig Haraldsdóttir
Valur M. Valtýsson
Guðrún Erlingsdóttir
Júnía Þorkelsdóttir
Guðbrandur Einarsson
Kristín Sigurðardóttir

Varamenn í stjórn

Ágúst Óskarsson
Margrét Ingpórsdóttir
Stefanía Magnúsdóttir
Finnur Magnússon
Hjörtur Geirmundsson
Gunnar Böðvarsson
Páll H. Jónsson
Bjarnís Lárusdóttir
Elías Magnússon
Unnur Helgadóttir

Skoðunarmenn

Sigurður Sigfússon
Einar O. Pálsson

Skoðunarmaður til vara

Bryndís Kjartansdóttir

FJÖLDI KVENNA OG KARLA Í AÐILDARFÉLÖGUM LÍV 2005 SKV. SKÝRSLUM

	<u>Skattskyldir</u>			<u>Gjaldfrjálsir</u>			<u>Félagsmenn alls</u>		
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals
Vlf. Borgarness	35	97	132	7	20	27	42	117	159
Vlf. Stykkishólms	3	18	21	0	0	0	3	18	21
Vlf. Snæfellsbæjar	1	34	35	0	3	3	1	37	38
Vlf. Valur	1	13	14	0	0	0	1	13	14
Vlf. Vestfirðinga	83	114	197	7	14	21	90	128	218
Vlf. Hrútfirðinga	2	3	5	0	0	0	2	3	5
Vmf. V-Húnvetninga	8	14	22	0	0	0	8	14	22
Stéttarfélag Samstaða	9	45	54	4	6	10	13	51	64
Vmf. Skagfirðinga	52	104	156	4	8	12	56	112	168
Vlf. Vaka	10	27	37	6	8	14	16	35	51
FVSA	501	934	1.435	111	150	261	612	1.084	1.696
Vmf. Húsavíkur	42	125	167	6	8	14	48	133	181
Vlf. Öxarfjarðar	5	5	10	0	0	0	5	5	10
Vlf. Þórshafnar	0	10	10	0	0	0	0	10	10
Vmf. Austurlands	96	306	402	9	21	30	105	327	432
Vlf. Vökull	18	66	84	2	8	10	20	74	94
Vmf. Suðurlands	230	694	921	20	34	54	250	728	978
Vmf. Vestmannaeyja	46	184	230	2	1	3	48	185	233
Vmf. Suðurnesja	293	654	947	28	74	102	321	728	1.049
Vmf. Hafnarfjarðar	317	589	906	0	0	0	317	589	906
VR	8.329	11.837	20.166	387	623	1.010	8.716	12.460	21.176
Samtals	10.081	15.873	25.954	593	978	1.571	10.674	16.851	27.525

FJÖLDI REIKNADRA FÉLAGSMANNA SKV. REGLUM ASÍ

	<u>Samtals fullvinnandi</u>	<u>Gjaldfrjálsir</u>	<u>Félagsmenn alls</u>
Vlf. Borgarness	67	27	94
Vlf. Stykkishólms	9	0	9
Vlf. Snæfellsbæjar	23	3	26
Vlf. Valur	9	0	9
Vlf. Vestfirðinga	160	21	181
Vlf. Hrútfirðinga	3	0	3
Vmf. V-Húnvetninga	16	0	16
Stéttarfélagið Samstaða	43	10	53
Vmf. Skagfirðinga	115	12	127
Vlf. Vaka	28	14	42
FVSA	1.011	261	1.272
Vmf. Húsavíkur	95	14	109
Vlf. Öxarfjarðar	6	0	6
Vlf. Þórshafnar	13	0	13
Vmf. Austurlands	226	30	256
Vökull stéttarfélag	54	10	64
Vmf. Suðurlands	365	54	419
Vmf. Vestmannaeyjar	141	3	144
Vmf. Suðurnesja	777	102	879
Vmf. Hafnarfjarðar	721	0	721
VR	17.536	1.010	18.546
Samtals	21.418	1.571	22.989

VERKASKIPTING STJÓRNAR

Gunnar Páll Pálsson hefur verið varaformaður sambandsins síðasta kjörtímabil, Kristín M. Björnsdóttir ritari og Sólveig Haraldsdóttir gjaldkeri.

BREYTING Á FRAMKVÆMDASTJÓRN

Ágúst H. Óskarsson, sem verið hefur fyrsti varamaður hverfur þessa dagana til starfa á vettvangi opinberra starfsmanna og gefur því ekki kost á sér til endurkjörs. Hann hefur sinnt ábyrgðarstörfum fyrir sambandið frá 1989 er hann var kosinn í sambandsstjórn LÍV. LÍV færir honum þakkir fyrir góð störf fyrir sambandið og óskar honum velfarnaðar í nýju starfi.

SKRIFSTOFAN

Skrifstofa LÍV er í Kringlunni 7, Reykjavík og er sér VR um reksturinn samkvæmt samningi, sem gerður var við félagið. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir er formaður sambandsins og er starfsmaður þess Ástríður S. Valbjörnsdóttir.

ENDURNÝJAÐUR SAMNINGUR LÍV OG VR UM REKSTUR

Samningur við VR um rekstur sambandsins rann út árið 2004 og var hann endurnýjaður fram til ársin 2006. Samstarfið hefur reynst mjög vel en kostnaður VR varð hærri en upphaflega hafði verið áætlaður.

FUNDIR

Á kjörtímabilinu frá nóvember 2003 hafa verið haldnir 25 stjórnarfundir.

VR og LÍV héldu sameiginlegan nýársfund á Nordica Hótel að kvöldi 15. janúar 2004. Fundurinn var fjölmennur en þar var fjallað um kröfugerðir verslunarmanna gagnvart atvinnurekendum í komandi kjarasamningum. Á fundinum var einnig fjallað um stöðu efnahagsmála í aðdraganda samninga og skýrt frá niðurstöðum símakönnunar Gallups meðal félagsmanna um viðhorf þeirra til áherslna í kjarasamningum. Fundurinn var opin.

Þann 19. febrúar 2005 var haldinn vinnufundur um kjarasamningana og starfsmenntasjóðina í húsnæði VR. Til fundarins voru boðaðar formenn, stjórnir og starfsmenn aðildarfélaganna og var farið ítarlega yfir kjarasamninginn og reglur starfsmenntasjóðanna. Þátttaka var mjög góð.

Þann 6. maí 2005 var haldinn fundur um stöðu og starfsemi LÍV undir yfirskriftinni "Erum við að gera eins vel og við getum?". Til fundarins voru boðaðir formenn, stjórnir og starfsmenn aðildarfélaganna. Utanaðkomandi fyrirlesarar voru H.Í. lektorarnir Árelía Eydís Guðmunds-dóttir, sem flutti erindið "Hvað er í spilunum á íslenskum vinnumarkaði núna?" og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, sem flutti erindið "Breyttir stjórnunarhættir fyrirtækja".



SAMEININGAR FÉLAGA

Sameining Verslunarmannafélags Akraness og VR varð endanleg frá janúar 2004. Aðalfundur VR árið 2003 samþykkti sameininguna en póstkosning var meðal félagsmanna Verslunarmannafélags Akraness og 96,7% þeirra sem tóku þátt í henni sögðu já.

Verslunarmenn í Verkalýðsfélagi Raufarhafnar gengu inn í Verslunarmannafélag Húsavíkur 1. júlí 2004 og var félagssvæði Verslunarmannafélags Húsavíkur í kjölfarið stækkað samsvarandi. Verkalýðsfélagið sameinaðist Verkalýðsfélagi Húsavíkur.

VR og Verslunarmannafélag Vestmannaeyja, VFV, hafa gert með sér samning sem gerir ráð fyrir viðamiklu samstarfi félaganna og sameiningu eftir tveggja ára reynslutíma. Samningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum á félagsfundi Verslunarmannafélags Vestmannaeyja þann 1. nóvember 2005.

Samningurinn tengist umræðunni innan LÍV og er það von VR og VFV að þessi samningur leiði til víðtækara samstarfs verslunarmannafélaga í landinu og öflugs, svæðaskipts stéttarfélags verslunarmanna.

Í samningi VR og VFV er kveðið á um að félagsmenn VFV öðlist full réttindi miðað við reglur VR frá gildistöku samningsins þann 1. janúar 2006. Þeir sem gerast aðilar að Verslunarmannafélagi Vestmannaeyja eftir gildistöku samningsins ávinna sér rétt í samræmi við reglur VR um nýja félagsmenn. Í samningnum er kveðið á um fulla sameiningu félaganna eftir tvö ár frá gildistöku hans, sé vilji fyrir því hjá báðum aðilum. Undir lok reynslutímans munu bæði félögin því taka afstöðu til sameiningar og verða tillögur þar að lútandi lagðar fyrir aðalfund beggja félaga.

Félögin verða rekin sem eitt félag á reynslutímanum, að undanskildum eignum félaganna en komi til sameiningar verða þær jafnframt sameinaðar.

NÝJIR FORMENN

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir var í febrúar kosin nýr formaður FVSA í stað Páls H. Jónssonar en hún hefur verið starfandi hjá félaginu í tæp fjögur ár fyrst sem framkvæmdastjóri félagsins og nú sem formaður. Úlfhildur og hefur áratuga reynslu af störfum fyrir lífeyrissjóði og stéttarfélög.

Katrín Sif Andersen hefur verið kosin nýr formaður verslunardeildar Vlf. Vöku í stað Guðmundar Gauta Sveinssonar.

KJARAMÁL

Kjarasamningar 2004

VR og LÍV gegnu sameiginlega til kjarasamninga bæði við FÍS og Samtök atvinnulífsins (SA). Skipaðar voru tvær aðskildar samninganefndir en fundað var sameiginlega og gekk samstarfið mjög vel.

Samninganefnd LÍV undir forystu Ingibjargar R. Guðmundsdóttur, formanns LÍV var skipuð Kristínu M. Björnsdóttur (VFA), Guðrúnu Erlingsdóttur (VFV), Úlfhildi Rögnvaldsdóttur (FVSA), Guðbrandi Einarssyni (VS), Margræti Ingbórsdóttur (VMS), Ágústi H. Óskarssyni (VH) og Unni Helgadóttur (VHF). Samninganefnd VR undir forystu Gunnars Páls Pálssonar, formanns VR var skipuð stjórn félagsins ásamt Elíasi G. Magnússyni og Guðmundi B. Ólafssyni.



Kjarasamningurinn við SA var laus þann 1. mars 2004 og samningurinn við FÍS þann 29. febrúar 2004. Nýr samningur var undirritaður við FÍS þann 4. apríl 2004 og við SA þann 21. apríl 2004.

Haldnir voru kynningarfundir vegna samninganna víðs vegar um land m.a. á Selfossi, Akureyri, Ísafirði, Sauðárkróki og Þórshöfn. VR og VHF héldu í fyrsta sinn sameiginlegan kynningarfund á Nordica Hótel í Reykjavík.

Helstu atriði kjarasamningsins við SA

Launahækkanir

16. apríl 2004	3,25%	1. janúar 2005	3%
1. janúar 2006	2,5%	1. janúar 2007	2,25%

Launataxtar hækka sérstaklega eða um 17,5% til um 40% á samningstímanum. Starfsaldurshækkanir eru tíðari en í fyrri samningum og greitt er sérstaklega fyrir aukna ábyrgð í starfi. Byrlunarlaun í verslun samkvæmt taxta hækkuðu í kr. 98.428 á mánuði og verða í lok samningstímans kr. 108.327. Laun afgreiðslufólks eftir 5 ára starf hækka í kr. 118.146 og fara í kr. 130.027 í samningslok.

Grundvallarlaun skrifstofufólks hækkuðu í kr. 110.000 og í kr. 120.000 hjá þeim sem hafa verið 3 ár í starfsgreininni en verða í lok samningstímans kr. 126.796 og kr. 140.068 hjá þeim sem hafa þriggja ára starfsreynslu.

Eftirvinna og yfirvinna

Í samningnum er gerð breyting á eftir og yfirvinnu til samræmis við það sem er algengt á vinnumarkaði og er markmiðið að stytta heildarvinnutímann án þess að skerða laun. Tekið er upp eftirvinnuálag á vinnu starfsfólks í hlutastarfi sem unnin er innan þess tíma sem skilgreindur er sem fullur vinnutími á mánuði, þ.e. 171,15 klst. á mánuði hjá afgreiðslufólki og 162,5 klst. hjá skrifstofufólki. Vinna sem unnin er eftir að hámarki dagvinnu er náð er hins vegar greidd með fullu yfirvinnuálagi eða 1,0385% af föstum mánaðarlaunum.

Orlofs- og desemberuppbætur

Orlofsuppbót varð kr. 15.900 árið 2004 en verður kr. 16.500 árið 2005, kr. 16.900 árið 2006 og kr. 17.400 árið 2007.

Desemberuppbót varð kr. 43.700 árið 2004 en verður kr. 45.000 árið 2005, kr. 46.200 árið 2006 og kr. 47.400 árið 2007.

Starfsmaður og vinnuveitandi geta samið um að breyta orlofs- og desemberuppbót í auka orlofsdaga.

Orlofsauki fyrir fimm ára starf eða tíu ár í starfsgrein

Starfsmaður sem hefur unnið í tíu ár í starfsgrein fær auka orlofsdag eða 25 daga, án tillits til þess hve lengi hann hefur unnið hjá sama vinnuveitanda.

Starfsmaður sem hefur unnið í fimm ár hjá sama vinnuveitanda fær áunninn orlofsrétt að nýju eftir 3ja ára starf hjá nýjum vinnuveitanda. Þessi starfamaður er fimm ár í viðbóta að ná áunnum tíuára rétti hjá sama vinnuveitanda. Þessi réttur kemur fyrst til framkvæmda á orlofsárinu 2005.

Hækkað lífeyrissjóðsiðgjald

Framlag vinnuveitenda í lífeyrissjóði hækkaði í 7% frá 1. janúar 2005 og féll þá niður skylda vinnuveitenda til að greiða 1% framlag í séreignarsjóð, óháð framlagi starfsmanns.

Frá 1. janúar 2007 hækkar iðgjaldið í 8% samhliða 0,45% lækkun almenns tryggingagjalds. Þegar starfsmaður leggur 2-4% í séreignarsjóð greiðir vinnuveitandi áfram 2% mótframlag.

Veikindi barna

Foreldrar, sem eru frá vinnu til að hlynna að veikum börnum halda dagvinnulaunum svo og vaktaálagi eða eftirvinnuálagi (40%), þar sem það á við.

Endurskoðun slysatrygginga

Aðilar skuldbinda sig til að endurskoða slysatryggingarákvæði samningsins með það að markmiði að auka tryggingavernd. Þessari endurskoðun átti að vera lokið 15. júní 2004, að öðrum kosti hækkuðu váttryggingafjárhæðir vegna slysa, dánarbætur og dagpeningar frá og með þeim degi um 20%. Endurskoðuninni er ekki lokið og bæturnar hækkuðu.

Menntareikningar

Báðir aðilar lýsa sig fylgjandi hugmyndum um að starfsmenn fyrirtækja geti stofnað sérstaka menntareikninga en þeim er ætlað að standa undir kostnaði við lengra nám eða menntun starfsmanna. Stofnun slíkra menntareikninga var eitt af áhersluatriðum verslunarmanna í samningaviðræðunum.

Helgarfrí í verslunum

Í bókun með samningnum lýsa vinnuveitendur því yfir að þeir muni beina því til atvinnurekenda að skipuleggja vinnutíma afgreiðslufólks sem vinnur alla virka daga þannig að það eigi frí a.m.k. 6 helgar af hverjum 18, þ.e. frí frá föstudagskvöldi fram á mánudagsmorgun.

Samningsmarkmið

Markmið með samningnum eru að stuðla að efnahagslegum stöðugleika og jafnvægi á vinnumarkaði. Samningurinn hvílir á eftirfarandi forsendum:

- að verðlag þróist í samræmi við verðbólguþáttmarkmið Seðlabankans.
- að launastefna og kostnaðarhækkunir sem felast í samningnum verði almennt stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði.

Eftirlitsnefnd með forsendum samningsins

Sömu samningsmarkmið gilda fyrir önnur aðildarsambönd ASÍ og var skipuð sérstök Forsendunefnd skipuð tveimur fulltrúum frá ASÍ og tveimur fulltrúum frá SA. Hún hefur það verkefni með höndum að meta hvort forsendur samningsins standist og markmið samninganna ná fram að ganga.

Nefndin á að taka forsendurnar til endurskoðunar fyrir 15. nóvember árin 2005 og 2006. Ef nefndin kemst að þeirri niðurstöður að marktæk frávik hafi orðið frá forsendum, og ekki næst samkomulag innan hennar um viðbrögð við því, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp. Uppsögn verður að ákveða fyrir 10. desember og er samningurinn laus frá áramótum þar á eftir.

Fulltrúar ASÍ í nefndinni eru Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ og Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ. Þeir sækja umboð sitt til formanna landssambanda og stærstu félaga ASÍ.

Samhliða var gengið frá samningum við SA vegna starfólks í gestamóttökum og apótekum og á árinu voru einnig undirritaðir samningar við Flugfélag Íslands, kvikmyndahús og Árvakur.

Helstu atriði kjarasamningsins við FÍS

Launahækkunir

Þann 1. júlí 2004 áttu allir starfsmenn, sem hófu störf hjá núverandi vinnuveitanda fyrir 1. janúar 2003 og höfðu ekki fengið launahækkun að upphæð kr. 10.000 að fá kr. 10.000 launahækkun eða það sem upp á vantaði til að þeirri upphæð væri náð. Þeir sem voru í hlutastarfi áttu að fá hlutfallslega greitt. Þeir sem hófu störf hjá núverandi vinnuveitanda frá 2. janúar til 30. júní 2003 og höfðu ekki fengið kr. 5.000 launahækkun áttu að fá þá hækkun með sama hætti.

Lágmarkslaun

Lágmarkslaun frá og með 1. apríl 2004 urðu kr. 105.000 á mánuði og hækka árlega til 1. janúar 2007 er þau verða kr. 120.000 á mánuði.

Starfsfólk með undir kr. 200.000 í mánaðarlaun fyrir fulla vinnu áttu að fá kr. 5.000 hækkun þann 1. janúar 2005 og sömu krónutöluhækkun þann dag ár hvert, nema samningnum hafi verið sagt upp.

Desemberuppbót

Desemberuppbót er kr. 60.000 árin 2004 og 2005 en kr. 65.000 árin 2006 og 2007. Engin orlofsuppbót er í samningnum.

Sérstakt ákvæði er um nýtingu desemberuppbótar til lengra orlofs.

Lífeyrissjóðsiðgjald og slysatryggingar

Framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóði hækkaði í 7% frá 1. janúar 2005 og féll þá niður skylda vinnuveitanda til að greiða 1% framlag í séreignarsjóð, óháð framlagi starfsmanns.

Frá 1. janúar 2007 hækkar iðgjaldið í 8% samhliða 0,45% lækkun almenns tryggingagjalds. Þegar starfsmaður leggur 2-4% í séreignarsjóð greiðir vinnuveitandi áfram 2% mótframlag.

Aðilar skuldbinda sig til að endurskoða slysatryggingarákvæði samningsins með það að markmiði að auka tryggingavernd. Þessari endurskoðun átti að vera lokið 15. júní 2004, að öðrum kosti hækkuðu váttryggingafjárhæðir vegna slysa, dánarbætur og dagpeningar frá og með þeim degi um 20%. Endurskoðuninni er ekki lokið og bæturnar hækkuðu.

Menntareikningar

Í bókun með samningnum lýsa aðilar sig fylgjandi því að starfsmennt fyrirtækja geti stofnað menntareikninga sem yrðu í framkvæmd svipaðir séreignarlífeyrissparnaði. Menntareikningum er ætlað að standa undir kostnaði starfsmanna við lengra nám.

Helgarfrí í verslunum

Verslanir skulu leitast við að skipuleggja vinnutíma starfsfólks sem vinnur alla virka daga, þannig að það eigi frí a.m.k. 8 helgar af 16 frá föstudagskvöldi til mánudagsmorguns.

Öryggisstaðlar fyrir fyrirtæki

Í bókun lýsa aðilar því yfir að þeir vilji vinna að því sameiginlega að á næstu 2 árum verði settir öryggisstaðlar fyrir fyrirtæki til að auka öryggi starfsmanna og fækka ránum.

Kjaranefnd

Í uppsagnarákvæði samningsins er kveðið á um kjaranefnd, skipaða tveimur fulltrúum frá hvorum aðila, en hlutverk hennar er að fara yfir framkvæmd samningsins, m.a. árlega launaþróun. Komist nefndin ekki að samkomulagi innan 3ja mánaða getur hvor um sig sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara á tveggja ára fresti.

Endurskoðun kjarasamninganna við SA 2005

Forsendunefndin er sammála um að forsendur kjarasamningsins séu brostnar. Henni er ætlað að leitast við að ná samkomulagi um breytingar á samningnum en takist það ekki þá eru samningarnir uppsegjanlegir. Uppsögn skal þá ákveða af hverju félagi fyrir sig fyrir þann 10. desember 2005 og telst samningurinn þá laus frá áramótum.

Niðurstaða nefndarinnar þarf að liggja fyrir 15. nóvember n.k. en hún er nú að störfum. Auk þess hafa forystumenn aðildarsambanda ASÍ, þ.á.m. formenn LÍV og VR, fundað með forystu SA og fulltrúum ríkisstjórnarinnar í leit að lausn.

Þegar þetta er skrifað er því miður engin lausn í sjónmáli og því ekki útlit fyrir annað en að samningnum verði sagt upp.



SJÚKRA- OG ORLOFSSJÓÐIR

ASÍ samþykkti á ársfundi sínum lágmarksreglur fyrir sjúkrasjóði. Mikil umræða hefur farið fram innan LÍV um stöðu sjúkrasjóða og stöðu félagsmanna og hefur hún verið hluti af umræðunni um framtíðarfyrirkomulag sambandsins. Tekið hefur verið saman yfirlit yfir stöðu sjóðanna.

ASÍ

Eins og oft áður hefur mikil vinna farið í ýmis mál tengd ASÍ á þessu kjörtímabili. Auk þeirra efna, sem undirbúin voru fyrir ársfund og hefðbundinna nefndastarfa fór sambandið í djúpa umræðu um stöðu og starfshætti ASÍ og hafa formenn LÍV og VR tekið þátt í henni ásamt öðrum forystumönnum sambandanna. Haldinn hefur verið fjöldi funda og samþykkti ársfundur ASÍ, sem haldinn var 20.-21. október 2005 að setja lágmarksreglur fyrir sjúkrasjóði, leggja í 3-5 ára kynningarátak og vinna að aukinni innri skilvirkni en tillögurnar þar að lútandi á að leggja fyrir ársfund 2005.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir var kosin varaforseti ASÍ á sama ársfundi.

Eftirfarandir fulltrúar verslunarmanna eiga sæti í nefndum á vegum ASÍ:

Miðstjórn: Aðalmenn eru Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir en varamenn Unnur Helgadóttir, Guðbrandur Einarsson og Kristín M. Björnsdóttir.

Alþjóðanefnd: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir skipuð af miðstjórn, Guðrún Erlingsdóttir sem aðalmaður og Kristín Sigurðardóttir til vara. Nefndin starfaði ekki síðasta ár vegna anna við þau málefni, sem sérstaklega átti að fjalla um á ársfundi sambandsins.

Atvinnumálanefnd: Kristín M. Björnsdóttir aðalmaður og Páll H. Jónsson til vara.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd: Stefanía Magnúsdóttir, skipuð af miðstjórn, Sigurður Sigfússon sem aðalmaður og Margrét Ingbórsdóttir til vara.

Mennta- og útbreiðslunefnd: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir aðalmaður og Jón Ragnar Jónsson til vara.

Kjara- og skattanefnd: Gunnar Páll Pálsson aðalmaður og Guðbrandur Einarsson til vara.

Lífeyrisnefnd: Gunnar Páll Pálsson aðalmaður og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir til vara.

Skipulags- og starfsháttanefnd: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir aðalmaður og Valur M. Valtýsson til vara.

Velferðarnefnd: Guðbrandur Einarsson aðalmaður og Margrét Ingbórsdóttir til vara.

Vinumarkaðsnefnd: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir skipuð af miðstjórn, Unnur Helgadóttir aðalmaður og Júnía Þorkeldsdóttir til vara.

Laganefnd: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir. Engir varamenn eru í nefndinni.

Launanefnd: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir. Engir varamenn eru í nefndinni.

Starfs- og fjárhagsnefnd: Gunnar Páll Pálsson. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir starfar með nefndinni sem varaforseti ASÍ.

Samráðshópur um starfsmannaleigur: Elías G. Magnússon og Kristín M. Björnsdóttir til vara.

Samninganefnd vegna Evrópureglna: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Elías G. Magnússon til vara.

Ýmsar nefndir sem og stjórnir, sem ASÍ hefur skipað fulltrúa frá LÍV í:

Listasafn ASÍ: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir sem varamaður.

Sögusafn verkalyðshreyfingarinnar: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir

Atvinnuleysistryggingasjóður félagsmálaráðuneytisins: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Félagsdómur starfsgreinanna: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Gunnar Páll Pálsson til vara fyrir verslun og þjónustu.

Starfsmenntaráð: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir sem varamaður.

Vinnuhópur um endurskoðun slysatrygginga: Rannveig Sigurðardóttir

Félagsmálaskóli alþýðu: Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir til vara.

Nefnd um átak gegn langtímaatvinnuleysi og atvinnuleysi ungs fólks: Árni Leósson situr sem varamaður.

Mennt: Alda Sigurðardóttir

Vísinda- og tækniráð: Gunnar Páll Pálsson sem varamaður.

Nefnd um starfsnám á vinnustöðum, menntamálaráðuneytið: Alda Sigurðardóttir sem varamaður.

Samstarf - samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, menntamálaráðuneytið: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Stefanía Magnúsdóttir til vara.

Verkefnastjórnun um símenntun, menntamálaráðuneytið: Rannveig Sigurðardóttir.

Kjararannsóknarnefnd: Gunnar Páll Pálsson.

Samráðsnefnd SA um vinnutímasamninga: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Evrópufræðisetrið: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

KANNANIR

Ákveðið var að láta gera símakönnun meðal félagsmanna VR og LÍV vegna undirbúnings kjarasamninga. Könnunin var gerð í byrjun nóvember 2003 af IMG-Gallup. Þau félög, sem tóku þátt í könnuninni stóðu straum af kostnaðinum. Niðurstöður voru kynntar í janúar 2004.

VR gerði launakönnun 2004 en ekki tókst að ná nægilegri þátttöku meðal annarra aðildarfélag LÍV til að gera sambærilega könnun um allt land. Félögin hafa nýtt sér könnun VR eftir því sem hægt er. Nokkur félög hafa lýst vilja sínum til að gera launakönnun.

LÍFEYRISSJÓÐIR

Mikil umræða hefur verið um réttindaávinnslu lífeyrissjóðanna. Lífeyrisnefnd ASÍ hefur farið með málið og er Gunnar Páll Pálsson fulltrúi LÍV í henni.

Tvö réttindaávinnslukerfi eru í gangi. Annars vegar jöfn réttindaávinnsla og hins vegar aldurstengd. Eftir ítarlegar umræður er niðurstaðan sú að mæla með aldurstengdri réttindaávinnslu og mun Lífeyrissjóður verzlunarmanna og aðrir sjóðir, sem nú eru með jafna réttindaávinnslu, breyta samþykktum sínum á næstu mánuðum.

Þessi breyting leysir þó ekki vanda sjóðanna vegna vaxandi örorku og hefur ASÍ tekið málið upp við ríkisstjórn.

ÚTGÁFA

Kjarasamningarnir voru í fyrsta sinn gefnir út sameiginlega þ.e. VR og LÍV, sem er sérstaklega ánægjulegt og sparaði bæði mikla vinnu og tíma.

Jóla kort til dreifingar í verslanir fyrir jólin voru gefin út 2003 og 2004. Einnig var gefið út sumarkort eftir kjarasamningana 2004 og því dreift á vinnustaði.

ERLENT SAMSTARF

UNI

UNI (Union Network International) eru alþjóðasamtök verslunar-, skrifstofu-, fjármála- og þjónustugreina. Í því eru 15,5 milljónir félagsmanna í 900 landssamböndum/ landsfélögum í 140 löndum. Það varð til við samruna fjögurra alþjóðasamtaka, þar á meðal FIET, sem LÍV hefur átt aðild að um langan tíma.

Það skiptist landfræðilega og eftir greinum og á LÍV aðild að UNI Europe, UNI Europe Commerce og UNI Europe IBITS.

Skattur til UNI er CHF 1,68 og EUR 0,25 á hvern félagsmann.

Kvennaráðstefna UNI í Chicago

UNI hélt kvennaráðstefnu sína í Chicago 20. og 21. ágúst 2005. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir sótti hana fyrir LÍV.

Þing UNI 2005

UNI hélt þing sitt í Chicago 22. til 25. ágúst 2005. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Stefanía Magnúsdóttir sóttu þingið.

UNI Commerce Global Union Summit.

Verslunarhluti UNI hélt einnig ráðstefnu í Chicago 26. og 27. ágúst 2005. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Stefanía Magnúsdóttir sóttu hana.

Ráðstefna vefstjóra og blaðamanna innan UNI.

Steinunn Böðvarsdóttir sótti ráðstefnuna en hún var sú þriðja í röðinni frá 2001 og var haldin í Washington 11.-13. maí 2005.

NK (NORRÆNA SAMSTARFSNEFNDIN)

NK – Nordisk Komité, sem áður gekk undir nafninu NS – Nordisk Samarbejdskomité, er samstarf Handel og Kontor í Danmörku, Handel og Kontor í Noregi, Handels í Svíþjóð, PAM í Finnlandi og LÍV. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir er fulltrúi LÍV í stjórn og vinnunefnd NK.

Samstarfið greiðir kostnað vegna stjórnar- og ársfunda og hluta kostnaðar vegna ráðstefna. Skattur til NK er DKK 0,95 á hvern félagsmann.

Ársfundir NK 2004 og 2005

Árlegur fundur nefndarinnar var haldinn á Tanum Strand í Svíþjóð 10.-12. ágúst 2004 og á Skagen í Danmörku 11.-15. júní 2005.

Formaður NK er Sture Arntzen formaður HK í Noregi.

Vinnufundir NK

Vinnunefnd NK fundaði tvisvar á tímabilinu. Í Kaupmannahöfn í janúar 2004 og í Stokkhólmi í febrúar 2005.

Ráðstefna um vefþjónustu

NK gekkst fyrir ráðstefnu um vefþjónustu í Kaupmannahöfn 2. desember 2004. Kristín Sigurðardóttir, Andrjes Guðmundsson, Guðbrandur Einarsson, Gunnar Kristinn Hilmarrson, Steinunn Böðvarsdóttir og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir sóttu hana fyrir LÍV.

NORDISK HANDEL

Nordisk Handel er samstarf HK/Handel í Danmörku, Handel og Kontor í Noregi, PAM í Finnland, HTF og Handels í Svíþjóð og LÍV. Fulltrúi LÍV í stjórn og vinnunefnd Nordisk Handel er Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Samstarfið greiðir kostnað vegna stjórnar- og ársfunda og hluta kostnaðar vegna ráðstefna. Skatturinn til NH er DKK 1,00.

Ársfundir NH 2004 og 2005

Ársfundur NH 2004 var haldinn í Reykjavík 6. september 2004. Daginn eftir var haldinn fundur með fulltrúum þeirra atvinnurekendasambanda, sem samböndin semja við. Gunnar Páll Pálsson sótti fundina auk Ingibjargar og Sigurður Jónsson frá SVP og Andrés Magnússon frá SV-FÍS sóttu fundinn með atvinnurekendum.

Árlegur fundur NH 2005 var haldinn í 14.-15. apríl í Osló.

Vinnufundir NH

Vinnunefnd NH fundaði tvisvar á tímabilinu. Í Stokkhólmi í desember 2003 og í mars 2005.

Ráðstefna um lífeyriskerfi

NH hélt ráðstefnu um lífeyriskerfi í Helsinki í nóvember 2004 og sóttu Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Jóhanna E. Vilhelmsdóttir hana fyrir hönd LÍV.

Fundur um öryggismál

NH hélt fund um öryggismál í Svíþjóð í júní 2005 og sótti Sigrún Viktorsdóttir hann fyrir LÍV.

Fundur um óhefðbundið vinnufyrirkomulag

NH hélt fund um fjarvinnu og aðra óhefðbundna vinnu í Noregi 29.-30. september 2005 og sótti Laufey Eydal fundinn fyrir LÍV.

UNI IBITS NORDEN

IBITS: Industry, Business & Information Technology Services - Þjónusta í iðnaðar-, viðskipta-, upplýsinga- og tæknigreinum.

Nýlegt samstarf landssambanda á Norðurlöndunum. Tilgangur samstarfsins er að miðla upplýsingum og koma á viðræðum milli aðildarsambandanna svo og að fylgja eftir sameiginlegum áherslum innan UNI og UNI- Europe IBITS.

Samstarf HK/Industri, HK/Service (hvortu tveggja hluti HkiD) og TL -Teknisk Landsforbund í Danmörku, Handel og Kontor og FLT - Forbundet for Ledelse og Teknikk í Noregi, SIF, Jusek og HTF í Svíþjóð, ERTO og TU – Tjänstemannanunionen í Finnlandi og nú frá maí 2003 LÍV. LÍV sótti um aðild fyrir 70% af sambandinu.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir er fulltrúi LÍV í stjórn UNI IBITS Norden. Samstarfið greiðir nú ferða- og hótélkostnað fyrir Ingibjörgu vegna stjórnar- og ársfunda. Skattur til samstarfsins er nú SEK 0,50 en gefinn er afsláttur sem nemur SEK 0,25 .

Ásfundir

Ársfundurinn 2004 var haldinn í Reykjavík þann 24. ágúst og ársfundurinn 2005 í Stokkhólmi þann 5. október 2005.

Stjórnarfundir

Stjórn UNI IBITS Norden fundaði sjö sinnum á tímabilinu. Fundirnir eru almennt í Stokkhólmi en einn var haldinn í Reykjavík í tengslum við ársfundinn 2004 og síðan sitt hvor í Kaupmannahöfn og Helsinki.

Rekryteringsnätverket

Starfandi er nefnd innan UNI IBITS Norden, sem vinnur að frekara samstarfi sambandanna við öflun nýrra félagsmanna. Nefndin fundaði í Reykjavík 9.-10. júní 2005 og sótti Elísabet Magnúsdóttir fundinn fyrir hönd LÍV auk Ingibjargar.

ÞING SYSTURSAMTAKA

Handel og Kontor í Noregi hélt þing sitt 11.-14. október 2004.

HK Handel hélt þing sitt í Árósum 24.-26. október 2004.

HK Danmörk hélt þing sitt í Kaupmannahöfn 29. október til 2. nóvember 2005.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir var fulltrúi LÍV á þessum þingum.

HEIMSÓKNIR

Stjórn og samninganefnd HK Handel hélt fund í Reykjavík 25. september 2004 og sóttu Gunnar Páll Pálsson og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir hann.

Tvær stjórnir innan HK København héldu fund hér í byrjun maí 2005 og heimsóttu VR/LÍV í tengslum við það.

Fulltrúar frá tveimur landsfélögum innan HK Danmörk heimsóttu LÍV/VR, ASÍ og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í ágúst 2005.

FERÐ ASÍ TIL BRUSSEL

LÍV ákvað að styrkja aðildarfélögin til þátttöku í ferð ASÍ til Brussel í maí 2004. Upphæðin var kr. 250.000 og skiptist á 3 félög.

Skýrslur aðildarfélaga



Félag: VR, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

Þróun félagsmannafjölda

Félagsmenn VR eru rúmlega 23 þúsund talsins. Félagsmönnum hefur fjölgað um 75% frá árinu 1995.

Félagsstarf og fundir

Auk hefðbundinna félagsfunda og funda með trúnaðarmönnum eru árlega haldnir morgunverðarfundir með félagsmönnum tvisvar í viku og hádegisfyrirlestrar á þriggja vikna fresti yfir vetrarmánuðina. Í upphafi árs er haldinn nýársfundur með trúnaðarmönnum og trúnaðarráði, stjórnarfundir eru haldnir mánaðarlega. Vor og haust eru haldnir opnir fundir til að kynna niðurstöður í könnunum á Fyrirtæki ársins og launakjörum félagsmanna.

Sjóðir

Tillögur um Varasjóð VR taki verða lagðar fyrir næsta aðalfund félagsins sem haldinn verður í lok febrúar á næsta ári. Verði þær samþykktar tekur sjóðurinn gildi frá og með þeim degi. Tillögurnar gera ráð fyrir að hluti af félags-, sjúkra- og orlofssjóðsiðgjöldum renni í sérgreinda eign félagsmanna, VR varasjóð, sem hver og einn geti nýtt til ákveðinna verkefna að eigin vali svo sem símenntunar, orlofsmála, forvarna og endurhæfingar eða til framfærslu t.d. við atvinnumissi eða heilsubrest. Upphafsstaða hvers og eins félagsmanns miðar við greiðslu félagsgjalda árið 2004.

Sjúkrasjóður

Umsóknum til Sjúkrasjóðs VR fjölgaði um tæplega 7% á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra.

Sjúkrasjóður VR greiðir nú kostnað vegna tannlækninga og sálfræðiviðtala.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

VR hefur selt fimm orlofshús en leigt önnur fimm; á Stykkishólmi og Laugarvatni.

Atvinnuleysi félagsmanna VR er nú 4% og hefur minnkað jafnt og þétt síðustu mánuði.

Fræðslumál

Samræmdar reglur um réttindaflutning milli starfsmenntasjóða hafa verið samþykktar af stjórnun sjóðanna.

Veruleg aukning hefur verið á umsóknum félagsmanna VR í starfsmenntasjóði eða tæplega 50% á fyrstu níu mánuðum þessa árs miðað við sama tímabili í fyrra.

Félag: Félag verslunar og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Þróun félagsmannafjölda

Félagsmenn voru um síðustu áramót 1696 þar af 261 gjaldfrjálsir, en í þeim hópi eru 67 ára og eldri, öryrkjar og heiðursfélagar.

Rekstur félagsins og húsnæði

Félagið á hlut í Alþýðuhúsinu sem stéttarfélögin á Akureyri eiga og reka sameiginlega, starfsmenn félagsins eru fjórir í þremur stöðugildum.

Félagsstarf og fundir

Fimm manna félagsstjórn ásamt þremur varamönnum fundar a.m.k.mánaðarlega. Fulltrúaráð ásamt varamönnum og stjórn samtals 26 manns fundar 3-4 sinnum á ári. Almennir félagsfundir 2-3 á ári, auk þess vinnustaðfundir.

Ferðir á vegum félagsins eru farnar árlega annað hvert ár dagsferð, en tveggja daga ferð hitt árið. Árleg leikhúsferð ásamt kaffihlaðborði fyrir eldri félagsmenn. Árlega er farin leikhúsferð eða annars konar skemmtiferð fyrir alla kjörna félagsmenn og maka (stjórn félags, stjórn sjúkrasjóðs, fulltrúaráð, trúnaðarmenn á vinnustöðum)

Gefið er út fréttablað og félagið heldur úti heimasíðu.

Sjúkrasjóður

Umsvif sjúkrasjóðs fara vaxandi með ári hverju, öll innkoma í sjóðinn nýtt til endurgreiðslu til félagsmanna í formi ýmissa fyrirbyggjandi aðgerða og styrkja auk dagpeninga.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið á 3 íbúðir í Reykjavík, þar af er ein nýtt fyrir fólk sem þarf að leita sér lækninga, eina íbúð á félagið á Egilsstöðum, 3 ný orlofshús á Illugastöðum, eitt í Vaglaskógi og hálf t hús á móti Vestfirðingum í Ölfusborgum. Auk þess hefur félagið tekið á leigu orlofshús yfir sumarmánuðina.

Atvinnumál svæðisins

Milli 50-70 félagsmenn greiða af atvinnuleysisbótum til félagsins sem verður að teljast allt of mikið.

Samskipti við atvinnurekendur

Alla jafna eru samskipti góð en í vaxandi mæli eru höfuðstöðvar fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu sem gera samskipti við stjórnendur ópersónuleg og oft á tíðum erfiðari.

Fræðslumál

Félagið er í samstarfi við önnur stéttarfélag í bænum með trúnaðarmannafræðslu og ýmis önnur námskeið. Námskeiðið "Að semja um launin" hefur verið haldið nokkrum sinnum, svo og sjálfstyrkingarnámskeið.

Annað

Félagið varð 75 ára 2. nóvember s.l. Í tilefni þess greiddi félagið niður fargjöld félagsmanna í borgarferðir með beinu flugi frá Akureyri, gaf út afmælisrit, hélt sýningu á tækjum og myndum sem tengdust verslunar- og skrifstofustörfum á liðinni öld, félagsmenn fengu einnig smá afmælisgjöf í tilefni afmælisins.

Félag: Verslunarmannafélag Suðurnesja

Þróun félagsmannafjölda

Starfssemi VS hefur verið með hefðbundnu sniði undanfarin 2 ár. Fjölgun félagsmanna hefur verið u.þ.b 3% undanfarin ár.

Rekstur félagsins og húsnæði

Hagnaður VS síðustu 2ja ára nemur rúmum 28 milljónum króna. Munar þar mestu um jákvæða afkomu sjóða félagsins.

Vakin er athygli á að á bókhaldsári 2003 voru gerðar breytingar á uppgjörssári VS og því taldir 13 mánuðir í stað 12. Sé tekið tillit til þessara breytinga jukust tekjur á milli ára um 5% en lesa má út úr ársreikningi að þær hafi minnkað.

Félagið hefur aðstöðu í húsnæði í eigu sjúkrasjóðs að Vatnsnesvegi 14, í Reykjanesbæ.

Starfssemi

Fyrir utan hefðbundna fundi í stjórn félagsins tekur VS þátt í ýmssi annarri starfssemi. VS er m.a stofnaðili að Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum, hefur átt þar fulltrúa í stjórn og hefur margs konar aðkomu að starfssemi hennar m.a með ýmsum styrkveitingum til handa félagsmönnum sem þurfa sérstaka aðstoð. Má einnig nefna að á síðasta stjórnarfundum samþykkti stjórn VS að veita MSS styrk að upphæð kr. 150.000 til tölvukaupa. VS hefur átt fulltrúa í Svæðisráði vinnumiðlunar á Suðurnesjum. Þá stendur VS fyrir fundi ásamt stéttarfélögum á Suðurnesjum á 1. maí. Öll fræðsla fer nú fram í gegnum MSS sem býður nú upp á tólmstundarnám og starfstengt nám af ýmsu tagi. Einnig býður MSS upp á háskólanám í samvinnu við Háskólann á Akureyri.

Sjúkrasjóður

Rekstur sjúkrasjóðs VS hefur verið í járnnum undanfarin ár. Sjúkradagpeninga-greiðslur hafa vaxið mjög hratt og er skýringa m.a. að leita í meiri hreyfanleika fólks á vinnumarkaði. Einnig hefur mikið atvinnuleysi haft hrif.

Fyrir utan hefðbundnar greiðslur úr sjúkrasjóði hefur sjóðurinn hefur styrkt einnig styrkt ýmis félaga- og líknarsamtök. Nú síðast fjármagnaði félagið ásamt öðrum stéttarfélögum á svæðinu hjartalínuritstæki á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

VS á og rekur orlofshús í Svignaskarði, Ölfusborgum, á Akureyri, í Hraunborgum í Grímsnesi og á Flúðum. Byggt hefur verið 1 hús á ári undanfarin 3 ár.

Atvinnumál svæðisins

Skv. tölum 8. nóvember 2005 eru 54 karlar og 118 konur án vinnu á Suðurnesjum sem er 1,5% af áætluðu vinnuafli. Þetta er mikil breyting til batnaðar frá árinu 2003 þegar atvinnuleysi á Suðurnesjum mældist hæst 4.8%.

Samskipti við atvinnurekendur

Samskipti við atvinnuveitendur hafa að mest leyti verið með hefðbundnum hætti. Samskipti við varnarliðið hafa þó breyst að undanfögnu vegna þeirra breytinga sem eru að eiga sér stað á starfsemi þess. VS mun nú á næstu vikum þurfa að stefna utanríkisráðherra vegna allra félagsmanna sinna í starfi hjá varnarliðinu vegna vanefnda á samningsbundum launahækkunum. Munu þær stefnur verða á bilinu 200 – 300.

Félag: Verslunarmannafélag Suðurlands

Sagan

Verslunarmannafélag Suðurlands var stofnað á Hvolsvelli 28.maí árið 2000 með sameiningu Verslunarmannafélags Árnassýslu og Verslunarmannfélags Rangæinga ásamt verslunardeild innan verkalýðsfélagsins Víkings í Vestur Skaftafellssýslu. Verslunarmannafélag Árnassýslu var stofnað á Selfossi árið 1954 og hefði því orðið 50 ára á síðasta ári. Verslunarmenn í Rangárvallasýslu stofnuðu sitt félag árið 1948 á Hvolsvelli.

Og svo fjölgar og fjölgar...

Mikil fjölgun félaga hefur orðið á félagssvæði Verslunarmannafélags Suðurlands á síðasta ári. Í skýrslu sem send er til ASÍ á hverju ári koma fram að í upphafi árs 2004 voru félagar 614 talsins. Þ.a. 127 karlar og 487 konur en þessi fjöldi er fundinn út miðað við lágmarksgreiðslur á ársgrundvelli. Í janúar 2005 hafði félögum fjölgað umtalsvert og töldust þá 978 miðað við sömu reiknisaðferð. Þ.a. voru 250 karlar og 728 konur eða 38% aukning á milli ára. Heildarfjöldi greiðenda á árinu 2005 er því kominn á annað þúsund. Helstu skýringar á þessari fjölgun liggur í fjölgun fyrirtækja á svæðinu ásamt því að starfsfólk hefur verið duglegt við að innheimta félagsgjöld af þeim sem staðið hafa utan félaga eða greitt ranglega í önnur stéttarfélög.

Einhver verður svo að stjórna

Félagið á 30% hlut í fasteigninni Austurvegi 56 á Selfossi og rekur þar ásamt Félagi iðn- og tæknigreina og Báranni stéttarfélagi, Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna á Suðurlandi. Í sama húsi er einnig Svæðisvinnumiðlun Suðurlands og Verkstjórafélag Suðurlands sem leigja aðstöðu sína af Þjónustuskrifstofunni.

Fjárhagsstaða Verslunarmannafélags Suðurlands er mjög góð. Stjórn er skipuð 7 fulltrúum kjörnum á aðalfundi félagsins ásamt 3ja manna stjórn sjúkrasjóðs, tveggja félagslegra skoðunarmanna og 8 manna trúnaðarráði.

Á skrifstofu félagsins eru tveir starfsmenn í fullu starfi. Þær Jóna Jónsdóttir og formaður félagsins Margrét Ingbórsdóttir

Við erum alltaf að hittast og skemmta okkur!

Félagið hefur haldið aðalfund árlega eins og lög gera ráð fyrir og jafnframt 2-3 félagsfundum á ári þess utan. Mæting á fundina hefur verið vægast sagt lítil. Stjórn heldur fund einu sinni í mánuði að jafnaði. Trúnaðarráð hefur verið kallað saman tvisvar sinnum árið 2004 og þrisvar sinnum árið 2005.

Félagið stóð fyrir fönðurnámskeiði fyrir jólin 2004 og stóð til að hafa það á einu kvöldi. Þátttaka var hins vega framar öllum vonum svo bæta þurfti við öðru kvöldi. Til stendur að gera þetta aftur fyrir næstu jól og hafa þegar verið bókuð 3. kvöld.

Í stað hefðbundinna hátíðahalda 1.maí var árið 2004 tekin ákvörðun um að gefa Heilbrigðisstofnuninni á Suðurlandi gjöf í tilefni dagsins og var afhentur lyftibaðstóll síðar á árinu við hátíðlega athöfn. Árið 2005 var einnig ákveðið að fara aðra leið en að hafa hátíðakaffi 1.maí. Verslunarmannafélag Suðurlands fór í sumarferð í Þakgil rétt austan við Vík í Mýrdal. Var aðsókn nokkuð góð og eyddu 90 manns saman sólríkum og góðum degi í Þakgili þar sem farið var í leiki, gönguferð með leiðsögumanni og grilluð lambalæri í allan mannskapinn í lok dags. Heil hljómsveit spilaði síðan undir í brekkusöng. Margir notuðu tækifærið og gerðu þetta að helgarferð og var gíst í fellihýsum, hjólhýsum, húsbílum, tjaldvögnum og tjöldum.

Fréttabréf er gefið út fjórum sinnum á ári og sent til allra félaga og í desember stendur til að gefa út veglegra blað en venjulega með viðtölum, myndum frá félagsstarfinu og umfjöllun um félagið.

Félagar í Verslunarmannafélagi Suðurlands völdu á síðasta ári í fyrsta skipti fyrirtæki ársins. Var öllum félögum sendur stuttur spurningalisti með fréttabréfinu þar sem vinnustaðnum voru gefnar einkunnir fyrir almenna þætti. Viðurkenning var síðan afhent Tölvu og rafeindapjónustu Suðurlands sem hreppti titilinn fyrirtæki ársins 2004. Mjög mjótt var á munum á milli efstu fyrirtækja. Dregið var síðan úr innsendum svörum og hlaut einn félagsmaður vinning þriggja rétta máltíð og gistingu með morgunmat fyrir tvo á Hótel Geysi.

Öllum félögum var send vegleg gjöf fyrir jólin 2004 í tilefni þess að 50 ár voru liðin frá því að Verslunarmannafélag Árnæssýslu var stofnað sem eins og áður hefur fram komið er einn forveri Verslunarmannafélags Suðurlands.

Sjúkrasjóður kemur mörgum til góða

Reglum sjúkrasjóðs var breytt verulega á aðalfundi árið 2004 og eru nú greiddir sjúkradagpeningar og dánarbætur með svipuðum hætti og hjá VR. Sjúkradagpeningar eru 80% af launum í sex mánuði. Sjúkrasjóður er fjárhagslega sterkur hjá Verslunarmannafélagi Suðurlands og hafa því verið tekin skref í þá átt að félagsmenn njóti sterkrar stöðu sjóðsins með hærri sjúkradagpeningum og dánarbótum. Félagið mun því standa vel undir lágmarksgreiðslum úr sjúkrasjóði sem samþykktar voru á Ársfundi ASÍ 20 – 21 október s.l. Greiðslur styrkja hafa hins vegar tekið breytingum hjá félaginu undanfarin ár bæði til hækkunar og lækkunar.

Styrkir eru greiddir gegn framvísun greiðslukvittana að hámarki 30.000,- á ári en 15.000,- fyrir þá sem eru í minna starfshlutfalli en 50%.

Styrkir eru greiddir vegna eftirfarandi

Sjúkranudd 50%, nudd 30%, sjúkraþjálfun 50%, leikfimi 30%, sundkort 30%, krabbameinsleit 100%, lyfjastyrkur allt að 50%, gleraugnastyrkur 30%, hjartavernd mat hverju sinni en yfirleitt 100%. Vegna ættleiðingar erlendis frá er greitt sem nemur farseðli félagsmanns á áfangastað og til baka. Fjárhæð styrksins er því mismunandi eftir því hvert þarf að fara og óháð hámarksgreiðslu á öðrum styrkjum.

Allir þurfa að fá sitt sumarfrí, líka verslunarmenn

Félagið á sem stendur 3. sumarhús. Eitt á Bifröst í Borgarfirði en það hús hefur verið minnst nýtt af félagsmönnum og því var tekin ákvörðun um að selja þann bústað í mars 2005. Nú hefur fundist kaupandi að húsinu og er hann með húsið á leigu til áramóta en þá hyggst hann kaupa húsið. Andvirði sölunnar mun verða notað til viðbygginga og endurbóta á öðrum húsum.

Á Flúðum á félagið sumarhús þar sem ákveðið hefur verið að reisa u.þ.b. 32m² viðbyggingu ásamt því sem innra skipulagi hússins verður mikið breytt. Ný eldhúsinnrétting verður sett í húsið, ný gólfefni á öll gólf, svefnrymum fjölgað, nýir pallar smíðaðir í kringum húsið og heitur pottur endurnýjaður.

Í húsi félagsins í Reykjaskógi stendur einnig til að reisa 21m² viðbyggingu, endurnýja gólfefni, endurnýja baðherbergi, smíða nýja sólpalla með nýjum heitum potti ásamt því sem umhverfi hússins verður tekið í gegn, byggt upp nýtt leiksvæði og aðkomu að húsinu breytt.

Að breytingum loknum munu svæðin uppfylla reglugerðir um öryggi og aðbúnað barna á leiksvæðum.

Félagið hefur undanfarin þrjú ár gert samninga við önnur stéttarfélag á norðurlandi um leiguskipti á sumarhúsum yfir sumartímann. Þetta hefur gefist vel og er það stefna félagsins að leita áfram leiða til að bjóða fjölbreytni yfir sumartímann hvort heldur er með leiguskiptum eða með því að taka á leigu hús í öðrum landshlutum.

Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið og er leigugjald 12.000,- fyrir vikuna og 7.000,- fyrir helgi. Einnig er hægt að kaupa aukanoft um helgar fyrir 1.700,-

Vinnan göfgar manninn og konuna

Eins og áður hefur fram komið hefur fjölgað nokkuð í verslunarstörfum á svæðinu. Samkvæmt tölum frá Svæðisvinnumiðlun Suðurlands í lok september 2005 voru 87 manns á atvinnuleysisskrá á félagssvæði Verslunarmannafélags Suðurlands. Af þessum 87 voru 23 í hlutastörfum og 28 skilgreindir verslunarmenn. Á sama tíma voru störf í boði 46 í nokkuð fleiri stöðugildi.

Fyrirtæki hafa sprottið upp á svæðinu og má þar helst nefna Sunnumörk Verslunarmiðstöð í Hveragerði sem opnaði um mitt ár 2004 en þar er nú rekin verslun Bónus ásamt smærri verslunum og veitingastöðum.

Á Selfossi opnaði BYKO stóra verslun sumarið 2004 og starfa þar nú u.þ.b. 50 manns Verslanirnar Europris og BT opnuðu einnig á Selfossi í október-nóvember árið 2004 ásamt því sem Bónus ríflega tvöfaldaði stærð sinnar verslunar á Selfossi. Einnig hafa verið opnuð minni fyrirtæki og verslanir á Selfossi, í Hveragerði og uppsveitum Árnessýslu.

Framundan eru mikil áform um byggingu stórrar verslunarmiðstöðvar á Selfossi sem mun að stærð jafnast á við Kringluna í Reykjavík ásamt því að Landbúnaðarstofnun verður sett niður á Selfossi og er áætlað að þar skapist allt að 50 störf. Jafnframt eru uppi hugmyndir um stækkun Sunnumarkar í Hveragerði sem væntanlega mun þýða áframhaldandi fjölgun félaga í Verslunarmannafélagi Suðurlands.

Íbúum hefur fjölgað gífurlega á svæðinu og hefur eftirspurn eftir lóðum undir íbúðahúsnæði og fyrirtæki aldrei verið meiri. Hefur þetta skapað mikla þenslu í þjónustu sveitarfélaganna og hefur Sveitafélagið Árborg meðal annars þegar hafið framkvæmdir við byggingar á leikskóla og grunnskóla í stað ársins 2008 eins og áður hafði verið fyrirhugað ásamt því að öðrum verkefnum hefur verið flýtt. Sömu sögu er einnig að segja í Hveragerði og Ölfusi.

Er atvinnurekandinn vinur eða óvinur ?

Það hefur það verið stefna félagsins að eiga góð samskipti við atvinnurekendur og í flestum tilfellum hefur það gengið vel. Flest mál sem inn á borð félagsins koma eru leyst í góðri samvinnu við atvinnurekendur. Nokkur mál hafa farið til meðferðar hjá lögmonnum félagsins og hefur gengið vel að fá niðurstöður úr þeim málum án þess að til kasta dómstóla hafi komið. Þó er misjafn sauður í mörgu fé og ekki er því að neita að starfsmenn Verslunarmannafélags Suðurlands eru ekki á vinsældarlistum allra atvinnurekenda.

Svo lifir sem lærir !

Verslunarmannafélag Suðurlands hefur tekið upp samstarf við Viðskiptaskólann á Selfossi sem kennir alhliða tölvufræðslu í fjarnámi til að hvetja félagsmenn sína til náms og veitir skólinn félagsmönnum í Verslunarmannafélagi Suðurlands 15% afslátt af öllu námi við skólann.

Jafnframt hefur Fræðslunet Suðurlands verið öflugt í námskeiðahaldi og hefur félagið markvisst upplýst félagi Verslunarmannafélags Suðurlands um námsframboð þar. Síðast liðinn vetur bauð Verslunarmannafélag Suðurlands félagsmönnum sínum 60 ára og eldri á námskeið sem bar heitið við starfslok. Námskeiði var sniðið að félagsmönnum sem sjá fram á starfslok vegna aldurs. Kennt var fimm kvöld við góðar undirtektir.

Félagið sendi trúnaðarmenn á trúnaðarmannanámskeið sem haldið var í húsakynnum Verkalýðsfélags Suðurlands á Hellu 25-26 apríl. Áform eru uppi um að halda framhaldsnámskeið núna í vetur og þá í samstarfi við Bárúna stéttarfélag og Verkalýðsfélag Suðurlands.

Verslunarmannafélag Suðurlands greiðir að sjálfsgöðu styrki úr starfsmenntasjóði eins og reglur sjóðsins gera ráð fyrir til félagsmanna sinna og má merkja aukna ásókn í námsstyrki.

Er þá allt upptalið ?

Verslunarmannafélag Suðurlands er staðráðið í að halda áfram á sömu braut sem öflugt stéttarfélag með réttindi og skyldur félagsmanna sinna að leiðarljósi. Stjórn félagsins er samstillt í verkum sínum og almennt hafa félagsmenn lýst ánægju sinni með störf og þjónustu félagsins. Allar upplýsingar um félagið og stjórn þess má finna á heimasíðunni www.vms.is

Félag: Verslunarmannafélag Austurlands

Þróun félagsmannafjölda

Árið 2004 voru félagsmenn 361.

Rekstur félagsins og húsnæði

Skrifstofan er að Miðvangi 2-4 á Egilsstöðum. Opnunartími er frá 9-16 og eru 2 starfsmenn í 1,40% starfshlutfalli.

Félagsstarf og fundir

Stjórnarfundir eru haldnir þegar þurfa þykir, þ.e. yfirleitt á 4-6 vikna fresti nema yfir sumartímann.

Sjúkrasjóður

Sjúkrasjóður á og rekur íbúð á Akureyri. Sjóðurinn greiðir 80% af meðaltalslaunum síðustu 6 mánaða í 120 daga. Einnig eru greiddir dagpeningar vegna veikinda maka og barna. Styrkir eru greiddir vegna ferðakostnaðar, sjúkraþjálfunar, líkamsræktar, gleraugnakaupa/laser aðgerð, tæknifrjóvgunar, útfararstyrkur og áfengismeðferðar. Styrkir eru áháðir hver öðrum.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Orlofssjóður á og rekur íbúð í Reykjavík og leigir sumarhús yfir sumartímann.

Atvinnumál svæðisins

Atvinnumál svæðisins eru góð en þó fer það nokkuð eftir búsetu, þar sem félagssvæðið er víðfemt, nær frá Djúpavogi allt norður á Bakkafjörð.

Samskipti við atvinnurekendur

Samskipti við atvinnurekendur eru misgóð, misjafn sauður í mörgu fé en félagsmenn VFA starfa hjá 143 fyrirtækjum

Fræðslumál

Félagið heldur reglulega námskeið til undirbúnings launaviðtala, félagsmönnum að kostnaðarlausu.

Félag: Verslunarmannafélag Vestmannaeyja

Þróun félagsmannafjölda

Starf Verslunarmannafélags Vestmannaeyja hefur verið með hefðbundnu sniði frá síðasta þingi LÍV. Félagafjöldi hefur haldist svipaður og voru félagsmenn 230 um áramótun á 74 vinnustöðum. 2/3 félagsmanna eru konur og 1/3 karlmenn. Samkvæmt skattaútreikningum ASÍ fækkar félagsmönnum milli ára og má leiða að því líkum að launamunur milli verslunarmanna á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni aukist jafnt og þétt.

Rekstur félagsins og húsnæði

Tveir starfsmenn starfa á skrifstofunni einn í 43% starfi og formaður í 100% starfi. Skrifstofan er opin frá 10 - 12 og 13-15 virka daga. Fyrir utan hefðbundna þjónustu við félagsmenn er veitt aðstoð við gerð skattaframtala. Seldar eru Herjólfseiningar í stykkjatali á hagstæðasta afláttarverði, rútumiðar Þorlákshöfn – Reykjavík – Þorlákshöfn og afsláttar miðar í Hvalfjarðargöngin

Félagsstarf og fundir

Stjórn félagsins er þannig skipuð Guðrún Erlingsdóttir formaður, Ingibjörg Finnbogadóttir varaformaður, Sigurbjörg Kristín Óskarsdóttir gjaldkeri, Rósa Sveinsdóttir ritari, Aðalheiður Björgvinsdóttir og Anna Sigrid Karlsdóttir meðstjórnendur. Stjórnarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði, að undanskildu sumrinu. Félagfundir eru haldnir þegar tilefni gefast til. Aðalfundir eru haldnir fyrir lok apríl og hefur skapast sú venja að bjóða uppá námskeið ýmiskonar í lok fundar. S.l. tvo aðalfundi hefur verið boðið uppá grillnámskeið og fundarmenn fengið að gæða sér á grillmat í lok fundar.

Verslunarmannaball er haldið árlega í samstarfi við félag Kaupsýslumanna. Verslunarmannaböllinn þykja þau flottustu sem haldinn eru í Eyjum og er mikið lagt í ballið. Mæting á matinn hefur verið frá 300 – 600 manns.

Verslunarmannafélag Vestmannaeyja er aðili að fulltrúaráði verkalyðsfélaganna í Vestmannaeyjum sem sér um 1. maí hátíðarhöldin á staðnum. Félagið er einnig aðili að Lífeyrissjóði Vestmannaeyja.

Sjúkra og orlofssjóður

Nýting á sjúkra- og orlofsíbúðinni í Reykjavík er mjög góð. Að jafnaði er hún laus í 5-6 daga á mánuði. Íbúðinni í Ljósheimum er góð þjónusta við félagsmenn okkar og oft á tíðum þeirra annað heimili í Reykjavík. Félagið hefur leigt heilsárssumarbústað í Vaðnesi og endurleigt til félagsmanna. Góð nýting hefur verið á bústaðnum

Úr sjúkrasjóði fá félagsmenn greitt vegna veikinda 70% af meðallaunum s.l. 6 mánaða. Dánarbætur eru samsvarandi 3ja mánaða byrjunarlaunum afgangslúfólks og 1 mánuður greiðist vegna eldri félagsmanna. Greitt er vegna nudds, sjúkraþjálfunar o.þ.h. 50% af kostnaði að hámarki 25000 kr. á ári. Einnig er niðurgreidd ýmis líkamsrækt í formi sölu korta og miða með afslætti.

Fræðslumál

Námskeiðahald fer að mestu fram í gegnum Visku- símenntunarmiðstöð, ekki hafa verið haldin sérstök námskeið fyrir verslunarmenn frá síðasta þingi.

Fyrir utan hefðbundna þjónustu við félagsmenn er veitt aðstoð við gerð skattaframtala. Seldar eru Herjólfseiningar í stykkjatali á hagstæðasta afláttarverði, rútumíðar Þorlákshöfn – Reykjavík – Þorlákshöfn og afsláttar miðar í Hvalfjarðargöngin.

Samstarf við VR

Félagsfundur samþykkti einróma þann 1. nóvember s.l. að ganga til samstarfs við VR næstu tvö árin frá áramótum að telja. Félögin verða rekin sameiginlega en félagslegt sjálfstæði verður óbreytt. Markmiðið með samstarfinu er að styrkja félögin og leggja grunnin að einu stéttarfélagi verslunarmanna á Íslandi. Samningur um samstarf verður undirritaður á Þingi LÍV 11 og 12 nóvember 2005.

Félög: Verslunarmenn í Suður- og Norður Þingeyjarsýslum

Stofnun og samstarf

Í Þingeyjarsýslum eru starfandi þrjú verslunarmannafélög, Verslunarmannafélag Húsavíkur sem lengi vel hafði suðursýsluna sem félagssvæði sitt en nú hefur Rauhföfn bæst við vegna sameiningar Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Raufarhafnar, Verkalýðsfélag Öxarfjarðar sem félagssvæði sem nær yfir Öxarfjarðarhrepp (Kópasker) og Kelduneshrepp (Kelduhverfi) og Verkalýðsfélag Þórshafnar sem hefur Þórshafnarhrepp (Þórshöfn) og Svalbarðshrepp.

Verslunarmannafélag Húsavíkur var stofnað 6. september 1965 að áeggjan Sverris Hermannssonar fyrrverandi formanns Landssambands íslenskra verslunarmanna, Verkalýðsfélag Öxarfjarðar var stofnað 15. maí 1957 og Verkalýðsfélag Þórshafnar var stofnað 16. júlí 1926. Verslunarmannafélag Húsavíkur mun fagna 40 ára afmæli félagsins með hófi fyrir félagsmenn 12. nóvember n.k.

Rekstur félagsins og húsnæði

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa um langt skeið haft með sér mikið og farsælt samstarf, m.a. um rekstur sameiginlegrar þjónustuskrifstofu á Húsavík. Þar starfa nú fjórir starfsmenn, sem þjónusta félagsmenn Verkalýðsfélags Húsavíkur, Þingiðnar, Verslunarmannafélags Húsavíkur, Verkalýðsfélags Öxarfjarðar og Starfsmannafélags Húsavíkur (BSRB félag). Þessi samrekstur hefur tryggt félagsmönnum góða þjónustu sem hægt hefur verið að bjóða fyrir lágmarkskostnað. Verkalýðsfélag Þórshafnar hefur sinn eigin starfsmann og þjónustusamning við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

Þróun félagsmannafjölda

Klasavæðing verslunar- og þjónustufyrirtækja auk nýrra starfsaðferða í verslunum hefur leitt til þess að starfsmönnum verslana hefur fækkað á síðustu árum. Svæðið hefur ekki notið uppbyggingar í fjármálaumsýslu og viðskiptum nema í litlu mæli. Félagsmannafjöldi verslunarmannafélaganna hefur því lítið breyst á síðustu árum.

Sjúkrasjóðir

Vel hefur gengið að byggja upp sjúkrasjóði félaganna og er markvisst verið að auka réttindi ár frá ári. Þessa dagana stendur yfir úttekt á framtíðarstöðu þeirra og er ekki búist við öðru en útkoman verði góð. Slík úttekt verður gerð af endurskoðanda félagsins á þriggja ára fresti.

Orlofssjóðir

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa mikið samstarf í orlofsmálum. Þau bjóða sameiginlega upp á alla orlofskosti sem tengjast sumrinu, m.a. 13 frístundahús, hótél og ferðir. Yfir veturinn bjóða félögin upp á fimm íbúðir í Reykjavík, íbúð á Akureyri og frístundahús víða um land.

Fræðslumál

Verslunarmannafélögin í Þingeyjarsýslum eru aðilar að Starfsmenntunarsjóði Verslunar- og skrifstofufólks og hafa ekki þurft að kvarta yfir áhugaleysi félagsmanna að sækja nám og símenntun, þó alltaf megi gera betur. Skrifstofa stéttarfélaganna hefur einnig verið virk að bjóða félagsmönnum upp á námskeið eða örva samstarfsaðila til að halda þau.

Mikil gróska er í útgáfumálum stéttarfélaganna, m.a. er heimasíðunni www.vh.is haldið gangandi og sex til átta fréttabréf eru gefin út á hverju ári.

Góð staða stéttarfélaganna og öflugt starf og rekstur þeirra er ekki hvað síst samrekstri þeirra að þakka. Sífellt stendur yfir skoðun á enn betra fyrirkomulagi á rekstri og skipulagi félaganna.

Núverandi formenn verslunarmannafélaganna í Þingeyjarsýslum eru Ágúst Óskarsson (Verslunarmannafélag Húsavíkur), Olga Gísladóttir (Verkalýðsfélagi Öxarfjarðar) og Kristín Kristjánsdóttir (Verkalýðsfélagi Þórshafnar).

Félag: Verslunarmannafélag Skagfirðinga

Þróun félagsmannafjölda

Starfsemi Verslunarmannafélags Skagfirðinga 2004 var með hefðbundnu sniði og undanfarin ár. Í árslok 2004 voru greiðandi félagsmenn 156. 104 konur og 52 karlar. Síðan voru gjaldfrjálsir félagsmenn 12, þannig að félagatalan í heildina var 168. Í árslok 2003 voru greiðandi félagsmenn 167. 115 konur og 52 karlar. Síðan voru gjaldfrjálsir félagsmenn 13, þannig að félagatalan í heildina var 180. Félagsmönnum Verslunarmannafélagsins hefur því fækkað á milli ára og hefur sú þróun því miður verið á undanförunum árum.

Rekstur félagsins og húsnæði

Rekstur félagsins hefur verið í föstum skorðum undanfarin ár. Á árinu 2004 skilaði félagið 5,7 milljón króna hagnaði, þar af félagssjóður 1,3 milljónir. Rekstrartekjur allra sjóða voru 7,6 milljónir. Á árinu 2003 skilaði félagið 5,6 milljón króna hagnaði, þar af félagssjóður 1,4 milljónir króna. Rekstrartekjur allra sjóða voru árið 2003 8 milljónir. Eignir félagsins námu s.l. áramót tæpum 74 milljónum króna, þar af átti Félagssjóður rúmlega 17 milljónir og Vinnudeilusjóður rúmlega 4 milljónir. Félagið er með skrifstofu opna tvisvar í viku. Félagið hefur töluvert samstarf við stéttarfélögin í Skagafirði og eiga félögin saman t.a.m. tvær íbúðir í Reykjavík. Þá hafa félögin staðið saman að þorablóti eldri borgara, 1.maí hátíðarhöldum og öðrum smærri samkomum meðal félagsmanna sinna.

Félagsstarf og fundir

Að jafnaði hafa verið haldnir tveir almennir félagsfundir á ári undanfarin ár að meðtöldum aðalfundi. Þá hafa verið haldnir 6 – 7 stjórnarfundir á hverju ári.

Almenn fundarsókn á meðal félagsmanna hefur ekki verið góð og verður að fara að breyta aðferðum til að ná betur til félagsmanna. Áberandi er hversu ungt fólk lætur þessi málefni sig lítið varða.

Sjúkrasjóður

Félagið á öflugan sjúkrasjóð. Eignir hans námu um 44,3 milljónum um síðustu áramót og höfðu aukist um 3 milljónir frá árinu 2003. Úthlutanir á árunum 2003 og 2004 voru um 1,5 milljónir hvort ár. Afgreiðslur úr sjóðnum árið 2004 voru 84 á móti 71 árið 2003. Greiddir voru út sjúkradagpeningar og dánarbætur, styrkir vegna sjúkrabjálfunar, sjúkranudds og krabbameinsskoðunar auk ýmissa annarra styrkja. Árið 2000 tók félagið upp styrkjakerfi þar sem félagsmenn geta fengið úthlutað styrkjum til ýmiskonar hluta fyrir allt að 40% af inngreiddum gjöldum í sjúkrasjóð hverju sinni. Mikil aukning hefur verið á undanförunum árum í þessa styrki. Sjúkrasjóður á hlut í einni íbúð í Reykjavík ásamt hinum stéttarfélagunum í Skagafirði. Sú íbúð er notuð fyrir þá félagsmenn sem þurfa að leita lækninga fyrir sig og fjölskyldu sína.

Orlofssjóður

Orlofssjóður félagsins á eignarhlut í einni íbúð í Reykjavík ásamt hinum stéttarfélagunum í Skagafirði og er hún notuð til almennrar útleigu meðal félagsmanna. Félagið á ekki orlofshús en hefur hins vegar haft á leigu undanfarin ár sumarhús yfir sumartímann, ýmist á Suðurlandi eða á Vesturlandi. Félagið hefur niðurgreitt leigu á þeim til sinna félagsmanna. Þá hefur félagið einnig veitt sérstaka orlofsstyrki til þeirra sem að ekki nýta sér útleigu sumarhúsanna. Í árslok 2004 var eign orlofssjóðsins rúmlega 9 milljónir.

Atvinnumál svæðisins

Um atvinnumál á svæðinu má segja að örlítill fækkun hefur verið á félagsmönnum undanfarin 2–3 ár. Hins vegar er atvinnuleysi mjög lítið meðal félagsmanna. Að meðaltali hafa 2–4 félagsmenn verið á atvinnuleysissskrá það sem af er árinu.

Samskipti við atvinnurekendur

Samskipti við atvinnurekendur á svæðinu hafa verið þökkaleg. Kaupfélag Skagfirðinga er langstærsti atvinnuveitandinn á svæðinu. Ekki eru neinar “keðjubúðir” á svæði félagsins, ennþá a.m.k. Samtals greiðir 31 fyrirtæki núna gjöld til félagsins. Það sem er hins vegar áhyggjuefni er að mjög lítið er um að greitt sé umfram taxta í verslunum á svæðinu og virðist þetta vera mjög víða svona á landsbyggðinni og erfitt að breyta þessum hlutum. Skrifstofufólki er hins vegar betur sett í þessum efnunum.

Fræðslumál

Félagið er stofnaðili að Farskóla Norðurlands vestra sem að staðsettur er á Sauðárkróki og hefur styrkt hann með reglubundnu framlagi á hverju ári. Einnig styrkti félagið uppsetningu á kennsluáðstöðu vegna fjarfundakennslu sem sett var upp árið 2003. Boðið er upp á fjölmörg námskeið, bæði starfstengd og tómstundanámskeið. Félagsmenn nýta þessi námskeið ágætlega og fá styrk úr Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks vegna þessara námskeiða. Einnig hafa félagsmenn sótt námskeið annað. Árið 2004 fengu 28 aðilar styrk úr sjóðnum, samtals 570 þúsund á móti 14 aðilum árið á undan, samtals kr. 360 þúsund. Í ár hafa enn fleiri nýtt sér þessa styrki og stunda t.d. fjarnám í Háskólanum á Akureyri, Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands.

Varðandi fræðslumál til félagsmanna sinna þá heldur félagið úti heimasíðu og er einnig með póstlista. Félagið hefur ekki staðið í eiginlegri blaðaútgáfu, en sent tvisvar á ári að meðaltali fréttabréf til félagsmanna sinni um þau mál sem að eru efst á baugi hverju sinni.

Annað

Varðandi kjaramálin, þá hefur félagið notið aðstoðar frá kjaramáladeild VR í þeim málum sem að upp koma og ber að þakka fyrir frábæra þjónustu og ráðgjöf í þeim efnunum.

Félag: Verkalýðsfélag Borgarness, verslunarmannadeild

Þróun félagsmannafjölda

31.12.04 voru 132 félagar, fækkaði um 15 frá fyrra ári.

Rekstur félagsins og húsnæði

Félagið er í nýju eigin húsnæði með skrifstofur og fundarsal að Sæunnargötu 2 a, 310 Borgarnesi

Félagsstarf og fundir

Deildin hélt 2 fundi á árinu. Auk þess hélt félagið sameiginlega fundi, sem deildin tók auðvitað fullan þátt í.

Sjúkrasjóður

Sameiginlegur með öðrum deildum Vlf. Borgarness.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

2 orlofshús og ein orlofsíbúð.

Atvinnumál svæðisins

Nokkuð góð. Þó ekki mikil fjölbreytni.

Samskipti við atvinnurekendur

Nokkuð góð en ekki mikil.

Fræðslumál

Aðili að Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks. Vlf. Borgarness er eignaraðili að Símenntunarstöðinni á Vesturlandi og á þar stjórnarmann.

Annað

Vlf. Borgarness er samansett úr 5 deildum sem starfa vel saman. 4 félagar VMD eiga sæti í 11 manna aðalstjórn félagsins. Vísa að öðru leyti til ársskýrslu Vlf. Borgarness 2004, sem m.a. er til hjá LÍV.

Félag: Deild verslunar- og skrifstofufólks Vökuls stéttarfélags

Vökull Stéttarfélag er deildarskipt félag, og rekstur allra deilda félagsins sameiginlegur. Deildin er með sérstaka stjórn og á einnig fulltrúa í aðalstjórn félagsins.

Þróun félagsmannafjölda

Félagsmönnum í deildinni hefur heldur fækkað síðustu ár, en atvinnuástand í Austur-Skaftafellssýslu er mjög gott um þessar mundir.

Félagsstarf og fundir

Félagsstarfið hefur verið með hefðbundnum hætti, bæði er fundað í félaginu og í deildinni og þátttaka í fundum mismikil. Félagið hefur staðið fyrir ýmsum námskeiðum og var s.l. vetur haldinn Menntasmiðja, og þau námskeið keyrð sem þátttaka fékkst á.

Samskipti við atvinnurekendur

Samskipti við atvinnurekendur ganga vel en þó verður að segja eins og er að samskipti við Kaupás eru þunglamaleg.

Rekstur félagsins

Rekstur félagsins gengur vel og mikið er lagt upp úr að þjónusta við félagsmenn sé góð.

Sjúkra- og orlofssjóður

Í maí á þessu ári var gerð tryggingafræðileg úttekt á sjúkrasjóði félagsins í samræmi við samþykktir hans og í niðurstöðu hennar segir að sjóðurinn eigi að geta sinnt hlutverki sínu að greiða þá dagpeninga og styrki sem tíundaðir eru í samþykktum sjóðsins. Sjúkrasjóður á ásamt orlofssjóði 3 íbúðir í Reykjavík, sem nýttar eru bæði fyrir þá sem þurfa að leita sér lækninga og til þeirra sem eru að fara í orlof. Orlofssjóður á og rekur 7 orlofshús, en sjóðurinn er skiptir við önnur félög á húsum yfir sumartímann.

Annað

Félagið gefur út fréttabréf sem dreift er í öll hús á félagssvæðinu og heldur úti heimasíðu.

Félag: Stéttarfélagið Samstaða

Starfsemi

Starfsemi ársins 2004 markaðist mikið af gerð kjarasamninga, en fjórir aðalkjarasamningar sem Stéttarfélagið Samstaða á aðild að voru gerðir á því ári.

Sjúkra- og orlofssjóður

Íbúðin í Þangbakkanum var máluð og endurnýjuð nokkuð af húsgögnum í henni í fyrravetur. Samstaða tók á leigu orlofshús á Einarsstöðum í Úthlíð í Biskupstungum, í Alviðru í Dýrafirði og í Bifröst í Borgarfirði, auk þessa að leigja sín hús á Illugastöðum og í Ölfusborgum. Þetta voru yfir 50 vikur í allt og gekk ágætlega að leigja þær.

Það er mat stjórnar Samstöðu að það sé hagstæðara að taka hús á leigu og endurleigja heldur en kaupa fleiri orlofshús. Borið var á húsið á Illugastöðum í fyrrahaust en nauðsynlegt er að hugsa vel um þessar eignir.

Félagsstarf

1. maí hátíðarhöld voru með svipuðu sniði og áður. Gestur okkar árið 2004 var Signý Jóhannesdóttir formaður Verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði.

Fræðslumál

Mikið var sótt í starfsmenntasjóði félaganna einkum Landsmennt og voru greiddir út styrkir á þriðju milljón árið 2004 til félagsmanna Samstöðu.

Félagið opnaði heimasíðu þann 1. desember 2004 www.samstada.is

Þar er reynt að setja inn fréttir af því sem er efst á baugi hjá félaginu, ákvarðanir og samþykktir og einnig það sem er helst að gerast hjá verkalýðshreyfingunni á hverjum tíma og höfðu 116 farið inn á síðuna. Stjórnin vill hvetja ykkur til að nota vefinn.

Félagið var með í bók, sem gefin var út um stéttarfélög á Íslandi, hún heitir "Með Oddi og egg" og kom út í fyrra haust.

Samstöðublaðið, kemur út þrisvar á ári, með upplýsingum fyrir félagsmenn.

Félagsstarf og fundir

Þar sem formennska í Alþýðusambandi Norðurlands er nú hjá Samstöðu, var haldinn fulltrúaráðsfundur AN á Blönduósi 1. október síðastliðinn. Þangað komu ágætir framsögumenn og Samstaða bauð gestum á fundinum að skoða Heimilisíðnaðarsafnið á Blönduósi að honum loknum.

Félagið kom vel út á árinu 2004 og allir sjóðir voru reknir með hagnaði.

Félagssjóður

Aðstoð til túlkun á kjarasamningum. Aðstoð við að innheimta vangreidd laun. Aðstoð til að varðveita áunnin réttindi og kjarasamningsgerð fyrir félagsmenn. Dvöl í íbúð félagsins í Reykjavík á hagstæðu verði.

Sjúkrasjóður

Félagsmenn eiga rétt á sjúkradagpeningum eftir að samningsbundinni kaupgreiðslu lýkur frá atvinnurekanda, í allt að 180 daga.

Endurgreiðsla 50% vegna krabbameinsskoðunar. Endurgreiðsla 50% vegna sjúkraþjálfunar/sjúkranudds/kíropraktor. Endurgreiðslur 50% af kostnaði, að hámarki kr. 8.000, vegna líkamsræktar/heilsueflingar. Endurgreiðslur, kr. 4.000 á hverju 12 mánaða tímabili vegna skoðunar hjá Hjartavernd eða öðrum viðurkenndum stofnunum (áreynslu/pólpróf). Styrkur til kaupa á gleraugum/heyrtækjum/linsum eða vegna laseraðgerða á augum. Dagpeningar vegna veikinda barna eftir að samningsbundnum greiðslum frá vinnuveitanda lýkur í allt að 10 daga á ári. Dánarbætur samkvæmt nánar tilgreindum reglum.

Orlofssjóður

Orlofshús á Illugastöðum í Fnjóskadal og í Ölfusborgum.

Sumarhús og orlofsíbúðir teknar á leigu og endurleigðar félagsmönnum á hagstæðu verði. Í allt 50 til 60 orlofsvikur á ári.

Vinnudeilusjóður

Styrkir til félagsmanna í verkföllum eða verkbönnum.

Þingtíðindi

frá 24. þingi LÍV í Reykjavík
14. - 15. nóvember 2003



24. þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna var haldið á Hótel Sögu í Reykjavík. Í Landssambandi íslenskra verzlunarmanna eru 22 félag og deildir með 22.265 félagsmanna innan sinna vébanda. Kjörbréf bárust fyrir 68 fulltrúa og 3 áheyrnfulltrúum frá 16 aðildarfélögum LÍV.

DAGSKRÁ ÞINGSINS

Föstudagur 14. nóvember:

- kl. 13:30 Þingsetning
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður LÍV
Kosning kjörbréfanefndar
Ávarp Grétars Þorsteinssonar, forseta ASÍ
Álit kjörbréfanefndar
Kosning þingforseta og ritara
Nefndakosning:
Kjörnefnd
Kjara- og efnahagsmálanefnd
Laga- og skipulagsnefnd
- kl. 14:15 Kjara- og efnahagsmál
Núverandi kjarasamningar HK/Handel og kröfur í komandi kjarasamningum
Jørgen Hoppe, formaður HK/Handel
Staða og horfur í efnahagsmálum:
Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ
Kjarasamningarnir 2000
Stefán Úlfarsson, hagfræðingur hjá ASÍ
Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins
Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ
Áherslur í komandi kjarasamningum
Gunnar Páll Pálsson
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Umræður
- kl. 16:30 Lagabreytingar – fyrri umræða
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Nefndastörf
- kl. 20:00 Kvöldverður í Súlnasal Hótel Sögu í boði LÍV

Laugardagur 15. nóvember:

- Nefndastörf
- kl. 10:00 Skýrsla stjórnar
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður LÍV
Reikningar lagðir fram
Sólveig Haraldsdóttir, gjaldkeri LÍV
Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
Afgreiðsla reikninga
Fjárhagsáætlun og ákvörðun um skatt til LÍV
Umræður
Skýrslur félaga
- kl. 12:30 Matarhlé
- kl. 13:30 Álit laga- og skipulagsnefndar
Seinni umræða um lagabreytingar
Álit kjara- og efnahagsmálanefndar
Seinni umræða um kjara- og efnahagsmál
Kosning stjórnar og skoðunarmanna
- Þingslit

ÞINGIÐ SETT

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir formaður LÍV setti þingið og bauð þinggesti og þingfulltrúa velkomna á 24. þing sambandsins.

GULLMERKI LÍV

Formaður LÍV sæmdi Grétar Hannesson gullmerki LÍV, en hann hafði tilkynnt að hann myndi ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn LÍV. Hann hefur setið þar allra manna lengst eða í 28 ár og var þar af gjaldkeri sambandsins í 23 ár.

ÁVARP

Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ ávarpaði þingið.

KJÖRBRÉFANEFND

Kjörbréfanefnd var skipuð eftirtöldum aðilum
Hannes Þ. Sigurðsson, VR
Einar Hjartarson, FVSA
Margrét Ingbórsdóttir, Vmf. Suðurlands
Reynir Jósepsson, VR
Finnur Magnússon, Vlf. Vestfjarða

Kjörbréf bárust frá 15 félögum og félagsdeildum fyrir 68 þingfulltrúa. Seturétt áttu 80 þingfulltrúar frá 22 félögum og deildum.

STARFSMENN ÞINGSINS



Forseti þingsins var kjörin Stefanía Magnúsdóttir og varaforseti Páll H. Jónsson.

Ritarar þingsins voru kjörnir Bjarndís Lárusdóttir og Valur Margeirsson.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður LÍV flutti skýrslu stjórnar.

REIKNINGAR

Sólveig Haraldsdóttir gerði grein fyrir reikningum sambandsins fyrir árið 2002. Engar athugasemdir komu fram og voru reikningarnir samþykktir samhljóða.

SKATTUR LÍV

Samþykktur var skattur til sambandsins fyrir árin 2003 og 2004 yrði 3,25% af sama skattstofni og lög ASÍ ákveða vegna skatts ASÍ.

SKÝRSLUR FÉLAGA

Fulltrúar Vmf. Vestmannaeyja, FVSA, Vmf. Skagfirðinga, Vmf. Akraness, Vmf. Húsavíkur, Stéttarfélagssins Vökuls, Vmf. Suðurlands, Vmf. Suðurnesja, Vmf. Hafnarfjarðar og VR gerðu grein fyrir starfsemi sinni. Skýrslugerðin var mjög fróðleg .

NEFNDIR

Kjörnefnd:

Benedikt Vilhjálms
Sólveig Haraldsdóttir
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Páll H. Jónsson
Kristín M. Björnsdóttir
Sigurður Sigfússon
Bjarndís Lárusdóttir

Kjara- og efnahagsmálanefnd:

Formaður: Gunnar Páll Pálsson.

Laga- og skipulagsnefnd:

Formaður: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Kjara- og efnahagsmálanefnd svo og laga- og skipulagsnefnd voru opnar öllum þingfulltrúum.

KJARA- OG EFNAHAGSMÁL

Núverandi kjarasamningar HK/Handel og kröfur í komandi kjarasamningum.

Framsögu flutti Jørgen Hoppe, formaður HK/Handel í Danmörku.

Staða og horfur í efnahagsmálum.

Framsögu flutti Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ.

Kjarasamningar 2000

Framsögu flutti Stefán Úlfarsson, hagfræðingur hjá ASÍ.



Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins.

Framsögu flutti Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.

Áherslur í komandi kjarasamningum

Framsögu fluttu Gunnar Páll Pálsson, formaður VR og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður LÍV.

LAGA- OG SKIPULAGSMÁL

Tillaga laga- og skipulagsmálanefndar

24. þing LÍV beinir þeim tilmælum til stjórnar sambandsins að efna til vinnufunda milli þinga og/eða formannafunda, vegna sérstakra málefna til eflingar félagslegra tengsla innan sambandsins.

Ný lög LÍV

Miklar umræður urðu um lagabreytingartillögur stjórnar LÍV og voru þær samþykktar.

KJARA OG EFNAHAGSMÁL

Ályktun kjara- og efnahagsmálanefndar

24. þing LÍV leggur á það áherslu að stöðugleika verði viðhaldið og hvetur stjórnvöld til þess að taka ábyrgð á sínum þætti í efnahagsstjórnuninni. Þingið telur nauðsynlegt að halda áfram sérstakri hækkun lægstu launa, eins og verið hefur í síðustu kjarasamningum, til þess að koma í veg fyrir of mikinn launamun. Jafnframt þarf að tryggja að þær almennu launahækkningar sem samið verði um, skili launafólki kaupmáttaraukningu.

Þingið leggur áherslu á að skattalækkningar sem rýra velferðarkerfið verði ekki skiptimynt í komandi kjarasamningum. Það er nauðsynlegt að velferðarkerfið sé styrkt og möguleikar fólks til viðunandi lífsafkomu séu tryggðir.

Þrátt fyrir að verulegar líkur séu á auknum hagvexti á næstu misserum eru þó ýmsar blikur á lofti. Atvinnuleysi er verulegt, ruðningsáhrif fyrirhugaðra stórfamkvæmda geta orðið talsverð og ýmislegt bendir til vaxtahækkana á næstunni. Þessi atriði geta gert launahækkningar næstu kjarasamninga að engu sé ekki rétt á málum haldið.

Markmið kjarasamninga er að tryggja viðunandi starfskjör fyrir hóflegan vinnutíma og auka þannig lífsgæði fólks. Launþegar líta mjög mismunandi augum á samsetningu launa sinna og byggist það að stórum hluta á aldri viðkomandi. Sveigjanleiki á vinnumarkaði þarf því að vera til staðar til hagsbóta fyrir alla aðila og miðast við þarfir hvers og eins.

Kjarabaráttu á næstu árum mun því mótast meira en áður af hagsmunum og þörfum einstaklingsins. Af þeim sökum þarf að taka aukið tillit til þátta eins og fjölskyldu, aldurs og menntunarþarfa. Að mati þingsins þarf því að gefa launþegum aukinn möguleika á því að velja með hvaða hætti þeir taka kjarabætur sínar hverju sinni með auknum sveigjanleika, t.d. er varðar laun, orlof, vinnutíma og lífeyri.

Ályktun um niðurskurð á séreignarsparnaði

24. þing LÍV mótmælir harðlega þeim fyrirhugaða niðurskurði á séreignarsparnaði launafólks sem birtist í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2004.

Þá lýsir þingið stuðningi við baráttu ASÍ til jöfnunar lífeyrisréttinda launafólks í starfi hjá hinu opinbera.

Jafnframt er það krafa þingsins að þegar verði hafin vinna við að samræma lífeyriskerfi landsmanna hvort sem þeir vinna hjá hinu opinbera eða ekki. Það er ólíðandi að launafólk á almennum vinnumarkaði þurfi eitt að bera ábyrgð á sínum lífeyri meðan lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna eru með ríkisábyrgð og geta varpað ábyrgðinni yfir á aðra skattgreiðendur.

Ályktun gegn skerðingu atvinnuleysisbóta

24. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna mótmælir áformum félagsmálaráðherra um skerðingu réttinda launafólks til atvinnuleysisbóta fyrstu 3 daga atvinnuleysis, sem kynnt er í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.



Það áfall sem fylgir starfsmissi er hverjum launamanni nógu þungbært þó ekki bætist við að þær lágu atvinnuleysisbætur sem greiddar eru verði skertar. Hér er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur.

Þvert á móti hefur það verið krafa stéttarfélaganna að unnið sé að auknum rétti og hærri bótageiðslum til atvinnulausra sem a.m.k. fylgi lágmarkslaunum. Því er þess krafist að félagsmálaráðherra dragi þessi skerðingaráform til baka.

Ályktun vegna uppsagna starfsmanna Varnarliðsins

24. þing LÍV lýsir áhyggjum vegna fyrirhugaðra uppsagna starfsmanna Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Fundurinn skorar á ríkisstjórn Íslands að hefja nú þegar samráð við stéttarfélag og sveitarstjórnir á Suðurnesjum, um aðgerðir sem dregið gætu úr afleiðingum þessara uppsagna. Það er óviðunandi fyrir starfsfólk að búa við þessa óvissu sem nú ríkir og nauðsynlegt að henni sé eytt. Strax verði hugað að uppbyggingu í atvinnumálum á Suðurnesjum vegna þeirra breytinga sem nú eru greinilega að verða á starfssemi Varnarliðsins.

STJÓRNARKJÖR

Formaður: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir

Aðalmenn í stjórn

Gunnar Páll Pálsson
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
Benedikt Vilhjálmsson
Kristín M. Björnsdóttir
Sólveig Haraldsdóttir
Valur M. Valtýsson
Guðrún Erlingsdóttir
Júnía Þorkeldsdóttir
Guðbrandur Einarsson
Kristín Sigurðardóttir

Varamenn í stjórn

Ágúst Óskarsson
Margrét Ingbórsdóttir
Stefanía Magnúsdóttir
Finnur Magnússon
Hjörtur Geirmundsson
Gunnar Böðvarsson
Páll H. Jónsson
Bjarnís Lárusdóttir
Elías Magnússon
Unnur Helgadóttir

Skoðunarmenn

Sigurður Sigfússon
Einar O. Pálsson

Skoðunarmaður til vara

Bryndís Kjartansdóttir

Samþykkt var að boða alltaf tvo fyrstu varamenn á fundi stjórnar LÍV.

ÞINGLOLK

Grétar Hannesson þakkaði þann heiður sem honum var sýndur með því að vera sæmdur gullmerki sambandsins og leit yfir farinn veg á þessum 28 árum. Sagðist hann hafa eignast marga góða vini og hverfi frá með eftirsjá og óskaði LÍV allra heilla í framtíðinni.

Stefanía Magnúsdóttir, þingforseti, þakkaði góða þingsetu og samstarf.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður LÍV þakkaði öllum málefnalegt þing og sagði að þetta væri fyrsta skrefið í árangursríkum kjaraviðræðum. Þakkaði hún einnig þingforsetum, þingriturum og starfsmanni LÍV Ástríði S. Valbjörnsdóttur þeirra störf.

FULLTRÚAR Á 24. ÞINGI LÍV Í REYKJAVÍK

Verkalýðsfélag Borgarness
Einar O. Pálsson

Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Finnur Magnússon

Stéttarfélagið Samstaða
Guðbjörg Þorleifsdóttir

Verslunarmannafélag Skagfirðinga
Hjörtur Geirmundsson

Verkalýðsfélagið Vaka
Margrét Kristinsdóttir

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri
Páll H. Jónsson
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
Einar Hjartarson
Guðrún Guðmundsdóttir
Svavar Hannesson
Margrét Guðmundsdóttir

Verslunarmannafélag Húsavíkur
Ágúst Óskarsson

Verkalýðsfélag Þórshafnar
Jóhanna Helgadóttir

Verslunarmannafélag Austurlands
Kristín M. Björnsdóttir

Vökull stéttarfélag
Hólmfríður Traustadóttir

Verslunarmannafélag Suðurlands
Margrét Ingbórsdóttir
Jóna Jónsdóttir

Verslunarmannafélag Vestmannaeyja
Guðrún Erlingsdóttir

Verslunarmannafélag Suðurnesja
Guðbrandur Einarsson
Valur Margeirsson
Sigríður B. Björnsdóttir

Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar
Unnur Helgadóttir
Sólveig Haraldsdóttir
María Ingólfssdóttir
Gunnbjörn Steinarsson

Verslunarmannafélag Akraness
Júnía Þorkelsdóttir

Verslunarmannafélag Reykjavíkur

Gunnar Páll Pálsson
Stefanía Magnúsdóttir
Benedikt Vilhjálmsson
Sigurður Sigfússon
Kristín Sigurðardóttir
Jónína Sóley Ólafsdóttir
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Sigrún Baldursdóttir
Gunnar Böðvarsson
Bjarnís Lárusdóttir
Valur M. Valtýsson
Margrét Torfadóttir
Jón Magnússon
Magnús L. Sveinsson
Dröfn Snæland Pálsdóttir
Grétar Hannesson
Reynir Jósepsson
Hannes Þ. Sigurðsson
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Teitur Jensson
Þorsteinn Bjarnason
Gunnar Helgi Guðmundsson
Ólafur Ingimarsson
Ásmundur I. Þórisson
Pétur Ingimundarson
Ragnar Engilbertsson
Elías Magnússon
Sigurhans Wium Hansson
Elsa U. Guðmundsdóttir
Jón Hrafn Guðjónsson
Einar M. Nikulásson
Pétur Ástbjartsson
Guðmundur Pétursson
Árni G. Ferdinandsson
Júlíana S. Gunnarsdóttir
Júlíana Pálsdóttir
Ólafur S. Sveinsson
Alma Ísleifsdóttir
Valdimar I. Þórarinsson
Svanur M. Gestsson
Valva Árnadóttir
Árni Steingrímsson

Áheyrnarfulltrúar

Stéttarfélagið Samstaða
Ófeigur Gestsson
Vmf. Húsavíkur
Hafliði Jósteinsson
Vmf. Vestmannaeyja
Ingibjörg Finnbogadóttir